Í nýrri rannsókn, sem fól í sér úttekt, (Ørhede 1992) segjast 79% starfsmanna í Danmörku hafa undanfarandi ár fundið til óþæginda í hreyfi- og stoðkerfi, 33-44% höfðu fundið til óþæginda síðustu 7 daga, 11-13% höfðu verið frá vinnu á undanfarandi ári vegna óþæginda í hreyfi- og stoðkerfinu. Óþægindi í olnboga, hnjam og mjöðnum virðast aukast með aldrinum, en óþægindi í hálsi og herðum eru mest í aldurshópnum 19-29 ára og óþægindi í mjóbaki og baki hjá 30-39 ára. Í skýrslunni er því slegið föstu að ekki sé unnt að álykta að óþægindi í hreyfi- og stoðkerfi aukist með aldrinum. Skýringin kann að vera sú að eldri starfsmenn með sjúkdómseinkenni í hreyfi- og stoðkerfi yfirgefi öðrum fremur vinnu-markaðinn.

Óþægindi í vöðvum og liðamótum, einkum baki, öxlum og handleggjum, er ein af aðalorsökunum fyrir því að launamenn fara á eftirlaun fyrr en almennt gerist. Einn þriðji til helmingur þeirra sem það gera í Danmörku tiltaka slitsjúkdóma sem ástæðu.

Heilsutjón og sjúkdómseinkenni í hreyfi- og stoðkerfi eru ennþá þeir atvinnusjúkdómar sem oftast eru skráðir í öllum Norðurlandaríkjum þrátt fyrir fyrmæli sem gefin voru á níunda áratugnum og vinnuvistfræðilegar áróðurherferðir sem þá voru farnar.

Það vottar fyrir hlutfallslegri lækkun einkenna frá mjóbaki í Danmörku eftir áróðursátakið „Þung byrði - bakverkur“ árið 1987. Talið er að það kunní að mega rekja til átaksins. Þar var fremur einfalt matskerfi notað. Árangur af átaksverkefni er þó alltaf vafa bundinn vegna þess að mörg ár líða þar til áhrifanna gætir. Auk þess getur ýmislegt í þróun samfélagsins haft áhrif á hvernig fólk bregst við sjúkdómseinkennum í hreyfi- og stoðkerfi.

## Notkun matskerfanna

Starfshópurinn telur að það hve atvinnusjúkdómar tengjast oft hreyfi- og

## Pættir sem hafa áhrif á mat á vinnu við að ýta og draga

### A. Það skoðast sem neikvæðir þættir við lögun hlutarins og hjálpartækjanna ef:

- byrðin er þung og/eða ómeðfærileg (sjá undanfarandi matskerfi)
- lögun hlutarins er óhentug og hald á óhentugum stað
- mikið núningsviðnám er í hjólum eða keðjum (krefst meira upphafs- og áframhaldsafsls)
- erfitt er að stöðva hlutinn eða draga úr hraða
- þyngdarpunktur hlutarins er á óhentugum stað og hann því óstöðugur
- lögun hlutarins veldur því að erfitt er að sjá til

### B. Það skoðast sem neikvæðir þættir varðandi líkamlegt álag ef

- aflið sem beita þarf við að ýta eða draga dreifist ójafnt á líkamann eða er beitt langt frá honum
- halda verður líkamanum álútum eða undnum allan tímann
- hluturinn getur allt í einu færst til
- halda verður líkamanum í óstöðugri stillingu
- vinna verður sitjandi

### C. Það skoðast sem neikvæðir þættir varðandi vinnustað/vinnuskilyrði ef:

- rými er þróngt
- undirlagið/gólfíð er hált, óstöðugt eða mishæðótt
- röng lýsing, kuldri, dragsúgur, misheitt, slæmt innloft

### D. Það skoðast sem neikvæðir þættir við verkefnið/verkið ef

- oft er verið að byrja upp á nýtt eða stöðva vinnuna eða breyta stefnumanni
- það þarf að ýta eða draga langar leiðir eða í löngum lotum
- ekki er gefinn nægur tími til að hvíla sig eða endurnýja kraftana
- starfsmaðurinn er bundinn af vinnuhraðanum og getur ekki stjórnað honum
- álag yfir vinnudaginn er of mikið

### E. Neikvæðir þættir hjá starfsmanni felast í

- ófullnægjandi þjálfun eða skorti á starfsreynslu
- að vera í óhentugum fatnaði eða persónhlífum sem eru til trafala
- að vilja ekki vinna verkið á æskilegan hátt (Tarzan-dellan)
- líkamsburði skortir vegna sjúkdóma, fyrra heilsutjóns, þungunar eða þá að fullum þroska er ekki náð - börn og ungmanni.

Fjöldi neikvæðu þáttanna ræður mati á því hve mikið þarf að draga úr aflinu, sem er beitt við að ýta og draga, svo að verkið feli ekki í sér hættu að starfsmenn ofreyni sig.

hefur hönnun umhvefisins, t.d. rýmið, áhrif á álagið.

Álag á líkamann mun m.a. háð því hve mikið afl þarf til að byrja hreyfingu og halda henni áfram. Aflíð má mæla með svonefndum dynamometer og er gefið upp í Newton (N).

#### 6.2.2. Hætta á heilsutjóni

Pegar erfitt er að ýta og draga er of mikið álag einkum á handleggjum/öxlum/herðum, mjóhrygg, mjáðma- og hnjalíðum. Þurfi maður t.d. vegna slæmra birtuskilyrða að ýta eða draga með líkamann undinn eða boginn eykst hætta á ofreynslu enn frekar.

#### 6.2.3. Dæmi um fyrirliggjandi matskerfi

Við eftirlit hjá danska vinnueftirlitinu hefur verið miðað við að byrjunarafl fari ekki yfir 400 N og framhaldsaflíð ekki yfir 200 N þegar unnið er við hentug skilyrði frá vinnuvistfræðilegu sjónarmiði.

Nýlegar rannsóknir (Kihlberg o.fl., Winkel 1983, Nordberg-Erikson, Hägg 1991, Pedersen 1992) sýna að álagið ætti ekki að fara yfir u.p.b. 300 N áður en byrjað er.

#### 6.2.4. Tillögur starfshópsins um matskerfi

Með hliðsjón af því sem áður er sagt leggur starfshópurinn til að eftifarandi matskerfi sé notað:

Afl [N]	rautt	gult	grænt
Upphaf	>300	300-150	<150
Áframhald	>200	200-100	<100

Gildir um að ýta og draga við hentug skilyrði frá vistfræðilegu sjónarmiði, hald sé vel hannað og í hentugri hæð, undirlag slétt og umhverfið að öðru leyti hentugt.

stoðkerfi ennþá, megi rekja til þess að úti á vinnustöðnum finnst mörgum erfitt að greina áhættu við hin ýmsu störf og meta hana. Sami gildir um vinnueftirlitsmenn og starfsfólk við starfsmannaheilsuvernd þegar um er að ræða áhættumat vegna álags á hreyfi- og stoðkerfi.

Sérfræðingar á sviði álagseinkennavarna eru fáir í samanburði við umfang vandamálanna. Því er nauðsynlegt að bjóða öðrum, sem starfa að vinnuvernd, og fyrirtækjunum tæki sem geta stuðlað að lausn þeirra.

Forsendur þess að unnt sé að bregðast raunhæft við sjúkdómseinkennum í hreyfi- og stoðkerfi eru þær að unnt sé að finna orsakir vandans og skilja þær. Síðan þarf að meta hve alvarlegs eðlis vandamálið er og leitast við að greina samband orsaka og áhrifa. Að því loknu er síðan tímabært að leita lausna á vandamálinu. Mikilvægt er að hafa heildarsýn þegar farið er að leita lausna svo ekki komi upp nýtt vandamál við lausn þess uppruna-lega. Vinnuvistfræði, fræðin um álagseinkennavarnir, fjallar um samspli manns, vélar og umhverfis. Mikilvægt er að úrbætur séu gerðar í samstarfi við starfsmenn til þess að lausnir komi að sem bestum notum.

Matskerfunum, sem lýst er í köflunum hér á eftir, er einkum ætlað að skerpa skilning á vandamálunum og meta hve alvarleg þau eru en auk þess má vel nota þau til að greina orsakasamhengi. Loks má nota þau til að meta hvort fyrirhugaðar breytingar geti talist fullnægjandi.

#### Forsendur matskerfanna

Matskerfin eru unnin af sérfræðingum í því sem tengist hreyfi- og stoðkerfi frá hinum opinberu vinnueftirlitsstofnunum í fimm Norðurlandaríkjum og nokkrum rannsóknastofnunum sem tengjast þeim. Pau byggjast á fyrirliggjandi heimildum á þessu sviði, reynslu af forvarnastarfi stofnananna og þekkingu á niðurstöðum af evrópsku, amerísku og áströlsku starfi við að ákveða viðmiðanir og setja staðla um ákveðna þætti og gefa út leiðbeiningar (guidelines). Á sumum sviðum liggja ES-tilskipanir fyrir, sem öll Norðurlandaríki munu grundvalla reglur sínar á. Þess vegna eru ákvæði þaðan tekin upp hér þar sem við á.

Starfshópurinn hefur leitast við að yfirfæra aðstæður við margslungin vinnuskilyrði til tiltölulega einfaldra matskerfa fyrir álag og vinnuskilyrði (vinnuvistfræðilegra matskerfa). Samt væntum við þess að hægt sé að nota kerfin til að leita lausna á vandamálum sem koma upp við flestar vinnuaðstæður sem skapa hættu á álagssjúkdómum, enda hefur starfshópurinn keppt að því.

Fyrir aðstæður, sem matskerfin nýtast ekki í, þarf að móta margþættari matskerfi eða styðjast við mat sérfræðinga á því sviði.

## Áhættugreining - þrjú stig

### Rauð svæði = hætta á heilsutjóni

Álagið er það mikið og þess eðlis að allir eða stór hluti vinnandi fólks á það á hættu að fá álagsmein þegar til langs eða skamms tíma er litið. Afleiðingarnar eru minni starfsgeta og lífsgæði og mikil útgjöld fyrir þjóðfélagið.

Aðstæður eru óviðunandi. Gera verður úrbætur þannig að hættan verði ekki fyrir hendi.

### Gult svæði = hætta kann að vera á heilsutjóni

Álagið er það mikið og þess eðlis að hluti vinnandi fólks á það á hættu að fá álagsmein þegar til langs eða skamms tíma er litið.

Meta þarf álagið nánar, sérstaklega hve lengi álagið varir, hve oft menn verða fyrir því og hvaða hraði fylgir vinnunni. Einnig þarf að athuga hvort aðrir álagsþættir hafa áhrif.

### Grænt svæði = hverfandi hætta á heilsutjóni

Fyrir flesta felur vinnan ekki í sér hættu á álagsmeinum. Pungaðar konur, ungrir starfsmenn, þeir sem hafa verið veikir nýlega eða eru haldnir langvarandi sjúkdómi geta þó verið í einhverri hættu.

Niðurstaða af mati leiðir í ljós að aðstæður eru að jafnaði viðunandi. En komi óþægindi í ljós hjá starfsmanni eru þær skoðaðar nánar, sbr. það sem sagt er um gult svæði.

Pegar metnir þættir eru skoðaðir með öðrum álagsþáttum getur auðvitað komið í ljós að aðstæður séu óviðunandi. Í slíkum tilvikum þarf að fara fram heildarmat þannig að allir þættirnir komi til skoðunar.

vinnuskilyrðin, þarf t.d. stamt gólf, stillanlega húsmuni, meira pláss, betri lýsingu og hlýtt innsog svo komist sé hjá dragsúg. Margt fleira kann að mega skoða og bæta. Auk þess skal starfsmáður fá viðeigandi upplýsingar um þyngd þess sem meðhöndlað er. (90/269/EBE, Reglur um öryggi og hollustu þegar byrðar eru handleiknar).

Mikilvægt er að hentug hjálpartæki séu tiltæk, þ.e. henti bæði starfsmanni og verkefni. Sé svo ekki liggja þau ónotuð. Auk þurfa þau að vera aðgengileg þar sem þeirra er þörf. Ef það tekur of langan tíma að sækja tækið og sé unnið í tímapressu, freistast starfsmenn til að fara þá leið sem virðist auðveldust en felur þó í sér áhættu.

Það getur líka verið þörf að breyta vinnuskipulaginu. Séu það sömu starfsmenn sem standa í ströngu allan daginn getur verið nauðsynlegt að skapa þeim tækifæri til meiri fjölbreytni eða vinnuskipta.

Reyni einhver verk of mikið á einn starfsmann ætti að athuga hvort unnt er að skipuleggja vinnuna þannig að fleiri taki á. Lyfti margir saman skiptist byrðin sjaldan jafnt á milli þeirra, sé manneskjú lyft getur skipting byrðarinnar orðið allt frá 30%-70%.

Þegar þungar byrðar eru handleiknar þarf að vinna með hléum eða skipuleggja starfið þannig að á milli sé unnið við eitthvað léttara svo að vöðvar og liðir fái tækifæri til að endurheimta styrk sinn.

Mikilvægt er að stjórnendur á vinnustöðum hvetji til notkunar hjálpartækja og forsvaranlegra starfsaðferða og umbuni með engu móti þeim sem leggja heilsu sína í hættu.

## 6.2. Að ýta og draga

### 6.2.1. Skilgreining og útbreiðsla

Með því að ýta og draga er átt við það að flytja hlut annaðhvort þegar allur þunginn eða hluti hans hvílir á gólfinsu eða hann hangir, t.d. í hlaupaketti. Flutningurin getur farið fram með eða án vélknúinna hjálpartækja.

Sé höndum beitt við að flytja felst oft í verkinu að ýta og draga. Það á jafnt við um iðngreinar, vörumerlusun og heilbrigðisþjónustu þar sem tilflutningar á vörum og fólki eru nauðsynlegir.

Hversu miklu afli þarf að beita er bæði háð þyngd og lögum hlutarins og, gerð hjálpartækja og ágæti þeirra svo og undirlaginu. Auk þess

**C. Það skoðast sem neikvæðir þættir varðandi vinnustað/vinnuskilyrði ef:**

- rými er þróngt, einkum að því er hæðina varðar
- undirlagið/gólfíð er hált, ójafnt, óstöðugt, óhreint, illa upplýst eða mishæðótt
- vinnustaðurinn er með óhentugri innréttingu eða óhentugum húsmunum sem koma í veg fyrir að byrðin sé meðhöndluð í hentugri hæð (milli handar og olnboga) og í góðri vinnustellingu (sjá 4. kafla)
- hiti er ekki við hæfi

**D. Það skoðast sem neikvæðir þættir varðandi verkið (skipulagið) ef:**

- sífellt er verið að endurtaka eða álag er langvarandi, einkum á hrygginn
- ekki fæst fullnægjandi líkamleg hvíld eða tækifæri til að jafna sig
- byrði er lyft, hún sett niður eða flutt langar vegalengdir
- vinnuhraða stjórnað þannig að starfsmaður hefur ekki áhrif á hann, t.d. við vélavinnu

**E. Neikvæðir þættir hjá starfsmanni felast í**

- ófullnægjandi þjálfun í að lyfta rétt
- takmarkaðri þjálfun í að nota viðeigandi hjálpartæki
- að vera í óhentugum fatnaði, fótþúnaði, vinnuvettlingum eða öðru sem verður til trafala
- að þekkingu/kunnáttu til að framkvæma verkið með viðunandi hætti skortir
- líkamsburði til að vinna verkið skortir.

Fjöldi neikvæðra þátta og það hve alvarlegir þeir eru er notað til að meta hvaða úrbóta er þörf svo að vinnuskilyrði við að lyfta verði viðunandi.

#### 6.1.5. Úrbætur

Grípa skal til úrbóta með hliðsjón af heildarskoðun, sbr. viðmiðunar-tilskipun EB (89/391/EBE) um ráðstafanir til að bæta öryggi og heilbrigði starfsfólks við vinnu.

Fyrst skal leggja mat á það hvort unnt sé að komast alveg hjá því að handleika byrði þannig að áhætta skapist, t.d. þannig að hlutimur fari beint þangað sem þeir eru notaðir, gripið sé til hjálpartækja, (færibond, flutningavagnar o.fl.) eða vinnuaðferð sé breytt, t.d. þannig að mjöl og korn sé afhent í lausu en ekki í pokum.

Sé ekki unnt að komast hjá því að handleika byrðar skal skoða

## 3. Heildarmat álags á hreyfi- og stoðkerfi


### 3.1 Áhrif líkamlegs álags á hreyfi- og stoðkerfi

Hreyfi- og stoðkerfið er gert af vöðvum, sinum, liðböndum, liðbrjóski, beini og bandvef. Álag á þessa vefi er háð líkamsstöðu, hreyfingum og utanaðkomandi byrði sem á þeim hvílir. Álagið er ekki aðeins óhákvæmilegt, heldur líka nauðsynlegt eigi að viðhalda fullri hreyfigetu. Mikilvægt er þó að álagið sé mismikið. Hinir ýmsu vöðvar og liðir eiga stundum að verða fyrir miklu álagi og stundum litlu en það á jafnan að vera innan þolmarka vefjanna.

Þörf er mismikils álags til að blóðstreymi verði við hæfi og hreyfigetan þar með góð til langs tíma. Þegar vefirnir verða fyrir langvarandi álagi er það einkum háð blóðstreymi til þeirra hve vel þeir starfa. Blóðstreymið gerir vefjunum kleift að losa sig við úrgangsefni og endurnýja næringarefna- og súrefnisforðann. Þeir vefir, sem hafa takmarkaða eða hverfandi blóðrás (eins og sinar, liðbond, liðþófar og brjóskþófar), þurfa miklu lengri tíma til að endurnýja orkuforða sinn en þeir vefir (vöðvar og bein) sem hafa góða blóðrás. Gott ástand hreyfi- og stoðkerfis er einkum háð því að góðri starfshæfni vöðvanna sé haldið við.

Bæði of mikið álag og of lítið álag getur valdið skaða. Eins og myndin hér að neðan sýnir er meiri hætta á álagsmeinum við mikið álag samanborið við of lítið álag, þó þá sé einnig aukin hætta til staðar. Við hæfilegt álag er hættan á skaða minnst. Heppilegt, breytilegt álag hefur jákvæð áhrif á vefina.

#### HÆTTA Á ÁLAGSMEINI



Samband álags og hættu á álagsmeinum (Winkel 1989)

### 3.2 Álag við vinnu

Hreyfi- og stoðkerfið verður fyrir miklu álagi ef sömu líkamsstöðu er haldið lengi í einu, ef svipaðar hreyfingar eru oft endurteknar og þegar byrðar eru handleiknar (lyfta, bera, ýta, draga). Hvaða líkamshlutar verða fyrir mestu álagi og hvaða vefir eru í mestri hættu á að verða fyrir ofálagi er breytilegt eftir því um hvaða starf eða verkefni ræðir.

Sá líkamshluti sem hefur orðið fyrir miklu, endurteknu eða langvarandi álagi þarf á hvíld að halda. Oft er hægt að koma slíkri hvíld við þó aðrir hlutar líkamans starfi og verði fyrir álagi. Ef slíkri fjölbreytni í starfi verður ekki við komið í nægilegum mæli er nauðsynlegt að gera hlé á starfinu um stund (Byström 1991).



Afgreiðslukassi í stórmarkaði

Óþægindi í hálsi og herðum/öxlum eru algeng þegar setið er við vinnuna með lítillega framhallandi bol og verkefnið krefst endurtekinna hreyfinga handleggja út frá líkamanum, bæði fram og til hliðar

gefin. Seilingarfjarlægðin er lárétt fjarlægð milli mjóbaks og þyngdarlinu byrðarinnar þegar byrjað er að lyfta, eða þegar seilingarfjarlægðin er mest. Til að léttu matið er greint á milli tvepps konar seilingarfjarlægðar:

- lyft í fjarlægð sem nemur lengd framhandlegs (u.p.b. 30 cm seilingarfjarlægð)
- lyft í fjarlægð sem nemur lengd 3/4 handlegs (u.p.b. 45 cm seilingarfjarlægð).

#### Mat á grundvelli yfirlitsins

**Rauðt svæði:** Hættu á heilsutjóni. Sé allt of þungri byrði lyft einu sinni getur það valdið heilsutjóni en oft ræður það hve oft er lyft mestu um áhættuna.

**Gult svæði:** Nánari greining fari fram til að meta hættu á heilsutjóni. Við matið koma m.a. neikvæðir þættir nefndir hér fyrir neðan til skoðunar.

**Grænt svæði:** Einstakar lyftingar innan þessarar afmörkunar fela að jafnaði ekki í sér hættu á heilsutjóni vegna þunga byrðarinnar. Slæm vinnustelling, tíðar lyftingar eða aðrir þættir geta þó falið í sér heilsufarshættu. Mismunur einstaklinga getur líka haft sitt að segja. Komi upp vandamál fer fram heildarmat.

#### Þættir sem koma inn í áhættumatið.

(Byggt á EB-tilskipuna (90/269/EEB) um líkamlega vinnu sem komin er út á íslensku og nefnist *Reglur um öryggi og hollstu þegar byrðar eru handleiknar*.)

##### A. Það skoðast sem neikvæðir þættir varðandi byrðina ef hún:

- er of þung (metið með aðstoð matskefisins bls 48) eða of stórvinnu
- er þannig að erfitt er að koma höndum um hana eða hafa tak á henni
- er í ójafnvægi eða innihaldið getur runnið til
- er í þannig stöðu það verður að halda henni eða meðhöndla hana í vissri fjarlægð frá líkamanum, eða með álútan eða undinn líkama
- getur valdið slysi, einkum ef maður verður fyrir henni.


##### B. Það skoðast sem neikvæðir þættir varðandi líkamlega áreynslu ef:

- álagið er of mikið
- heildarþunginn verður mikill (ætti ekki að fara yfir 6 tonn í framhandleggsfjarlægð og 3 tonn í 3/4 handleggsfjarlægðar)
- aðeins er unnt að lyfta með líkamann undinn/snúinn
- afl eða stefna átaksins breytist, t.d. við að byrðin hreyfist allt í einu
- líkaminn er óstöðugur þegar meðhöndlunin fer fram.

#### 6.1.4. Tillaga starfshópsins um matskerfi

Starfshópurinn leggur til að sem sameiginlegt matskerfi verði teknir tveir síðustu dálkarnir úr danska kerfinu, hámarksþyngd verði lækkuð í 25 kg í samræmi við afstöðu sem hefur mótað á alþjóðavettvangi og hvílir á niðurstöðum rannsókna þar sem konur og eldri starfsmenn voru með í myndinni (Mital o.fl. 1993, Genaidy 1993). Með þessu er tekið mið af því að kynja - og aldurssamsetning vinnandi fólks á Norðurlöndum þróast væntanlega þannig að meðalaldur á vinnustöðunum hækkar og venjulega er það svo að í kvennagreinum reynist örðugt að taka á vandamálum vegna erfiðra lyftinga. Auk þess er tekið tillit til reynslu sem leitt hefur í ljós að næstum aldrei er unnt að halda byrði alveg við líkamann allan tímann sem henni er lyft. Matskerfið er tengt neikvæðum þáttum sem eru nefndir í Evrópusambands-tilskipuninni um að handleika byrðar (90/269/EBE).

Matskerfið lítur þannig út:



Matskerfi til að meta þyngd byrðarinnar í hlutfalli við fjarlægð hennar frá líkamanum (seilingarfjarlægð), grundvallað á álaginu á mjóhrygginn. Lóðrétt er þyngd byrðarinnar gefin upp. Lárétt er seilingarfjarlægðin

(Kvarnström 1983, Hagberg 1984, Hagberg og Wegman 1987, Kilbom og Hagberg 1990, Wallece og Buckle 1987).

Óþægindi í handleggjum og höndum tengjast oft endurteknum, einhæfum hreyfingum (Silverstein o.fl. 1986).

Óþægindi frá mjóbaki tengjast oft óþægilegri vinnustöðu fyrir bol og/eða því að lyfta þungu ásamt óvæntum hreyfingum, t.d. við að missa jafnvægið (Wickström 1985, Gamberale o.fl. 1981). Rannsóknir á seinni árum hafa aukið skilning fólks á tengslum milli óþæginda frá hreyfi- og stoðkerfi og atvinnu (Malker B o.fl. 1990; Malker H o.fl. 1990, Kilbom og Hagberg 1990, Östlin 1990).


Það getur tekið líkamann nokkra sólarhringa að endurheimta fulla starfsgetu eftir erfiða eða einhæfa líkamlega vinnu. Verkir og óþægindi geta verið til staðar í fleiri daga eftir að unnið hefur verið í óþægilegri vinnustöðu. Líkaminn venst þó erfiðri vinnu að vissu marki. Hreyfingar verða hnitríðaðri og vöðvastyrkur eykst.

Enn er ekki nákvæmlega vitað af hverju eða á hvaða hátt mismunandi álag skaðar vefi eða hvaða vefjaskaðar læknast fljótt (Hagberg 1984).

Munur milli einstaklinga er töluvert mikill, ekki aðeins vegna aldurs og kyns, heldur einnig vegna líkamsbyggingar og líkamsbeitingar við vinnu (Kvarnström 1983, Jonsson o.fl. 1988, Kilbom og Broberg 1988).

Til að forðast ónauðsynlega þreytu er mikilvægt að geta unnið í eigin takti. Sumt fólk er mjög næmt fyrir þreytumerkjum líkamans meðan aðrir nánast finna þau ekki (Gamberale o.fl. 1981). Miklu skiptir fyrir hinn starfandi mann að búa yfir hæfilegri næmni fyrir þreytumerkjum og þekkingu um hvernig sé best að forðast þreytu. Á sama hátt skiptir máli að sérhver einstaklingur hafi sjálfur tækifæri til að benda á þær breytingar sem viðkomandi telur nauðsynlegt að gera.

Tvær meginreglur til að forðast skaðlegt álag :



Unnið við garðyrkju

1) Forðast að vinna það lengi í einu, án tilbreytingar eða hlés, að þreyta komi fram sem staðbundin óþægindi eða minni starfsgeta.

2) Skipuleggja vinnuna þannig að hætta á óvæntum atburðum (slysum) sé í lágmarki, t.d. skyndilegt álag við að renna til á hálu gólfis, detta eða missa takið á byrði.

### 3.3 Mat á álagi á hreyfi-og stoðkerfið við vinnu


Í heimsókn á vinnustað er hægt að fylgjast með vinnu sem fer fram staðbundið og samfellt og meta álagið án þess að það sé sérstaklega tímafrekt (Hagberg o.fl. 1988). Ef starf felur í sér mörg ólik verkefni eða fer fram á mörgumstöðum þarf að spryrja og sýna það sem um ræðir eða fylgjast nógum lengi með starfinu svo allir þættir starfsins fylgi með.

Til að gera heildarmat á álagi á hreyfi-og stoðkerfið þarf alltaf að líta á eftirfarandi þætti:

- vinnustöðu
- vinnuhreyfingar
- að handleika byrðar

Álagið er metið eftir þrískiptum skala í óviðunandi, e.t.v. óviðunandi og viðunandi. Við matið skiptir tímaþátturinn miklu máli, t.d. hversu oft verkið/hreyfingar eru endurteknar (tíðni) og tímalengd við verkið.

Ef líkaminn verður fyrir óheppilegu álagi bæði vegna óþægilegrar vinnustöðu og endurtekinna þreytandi hreyfinga og samtímis er verið að handleika byrðar er hætta á álagsmeini mun meiri en ef aðeins einn álagsþáttur er til staðar í einu. Þegar fleiri álagsþættir eru til staðar í einu aukast áhrifin, þ.e. samverkandi álag fleiri þáttu getur verið meira en summan af hverjum þætti fyrir sig.



Poka lyft á lager

Einnig er meiri hætta á álagsmeini ef hver áhættubátturinn tekur við af öðrum án hléa, þ.e. álag vegna vinnustöðu, hreyfingar og/eða byrðar; hættan er þó ekki eins mikil og ef allir áhættubættirnir eru til staðar samtímis.

Vegna flókins sambands milli mismunandi álagsþátta og heildarálags er þó ekki á neinn einfaldan hátt hægt að leggja saman álagsþætti eða draga frá til að reikna út heildarálag á ákveðna vefjagerð.

#### 6.1.3.4. Norsk tillaga um matskerfi

Norska vinnueftirlitið hafði til athugunar eftirfarandi matskerfi til að nota í leiðbeiningum með reglum um að handleika byrðar. Það byggir á fyrri tillögum sem hafa verið uppi við útfærslu CEN-staðla:

	< 1 sinni/5 mín.	1 sinni/5 mín. 1 sinni/2 mín.	1 sinni/2 mín. 1 sinni/mín.
Innan framhandlegg-fjarlægðar	> 25 kg rautt 8-25 kg gult < 8 kg grænt	> 19 kg rautt 16-19 kg gult < 6 kg grænt	> 12 kg rautt 4-12 kg gult < 4 kg grænt
Innan 3/4 handleggslengdar	> 9 kg rautt 3-9 kg gult < 3 kg grænt	6 kg rautt 2-6 kg gult < 2 kg grænt	> 5 kg rautt 1,5-5 kg gult 1,5 kg grænt
Meira en 3/4 handleggslengdar	rautt	rautt	rautt

Í þessu matskerfi er tekið tillit til þunga byrðarinnar, seilingarfjarlægðar og að auki hversu oft er lyft á tímaeiningu. CEN- staðlar tengjast einkum kröfum til hönnunar véla.

#### 6.1.3.5. Finnska EWA-kerfið

Finnska vinnuhelbrigðissstofnunin hefur í riti sínu „Ergonomic work analysis“ (Ahonen 1989) fimm þrepa kerfi til að meta álag við að lyfta:

	VENJULEG VINNUHÆÐ				LÁG VINNUHÆÐ				
	seilingarfjarlægð í cm				seilingarfjarlæd í cm				
	< 30	30-50	50-70	> 70		< 30	30-50	50-70	> 70
1	hjálpart.	hjálpart.	hjálpart.	hjálpart.	1	hjálpart.	hjálpart.	hjálpart.	hjálpart
2	< 18 kg	< 10 kg	< 8 kg	< 6 kg	2	< 13 kg	< 8 kg	< 5 kg	< 4 kg
3	18-34 kg	10-19 kg	8-13 kg	6-11 kg	3	13-23 kg	8-13 kg	5-9 kg	4-7 kg
4	35-55 kg	20-30 kg	14-21 kg	12-18 kg	4	24-35 kg	14-21 kg	10-15 kg	8-13 kg
5	> 55 kg	> 30 kg	> 21 kg	> 18 kg	5	> 35 kg	> 21 kg	> 15 kg	> 13 kg

1: Þegar lyft er með hjálpartækjum er lítil hætta fölgin í verkinu.

2 - 5: Bæði hætta á slysum og hætta á að þau reynist alvarleg fer vaxandi eftir því sem neðar kemur á matsblaðinu.

Í þessu matskerfi er eftirfarandi haft til viðmiðunar: seilingarfjarlægð, þungi byrðarinnar ásamt vinnuhæð. Í áðurnefndu riti eru önnur matsblöð fyrir mat á öðrum þáttum. Finnska vinnueftirlitið væntir þess að þungamörkin verði lækkuð samhlíða gildistöku CEN staðla.

## Neikvæðir þættir

Fjöldi neikvæðra þátta og það hvers eðlis þeir eru hefur úrslitaáhrif á, hvort það sem fellur innan ramma gula svæðisins við að lyfta/bera, telst geta valdið heilsutjóni. Þeir sem merktir eru með X skipta mestu.

Byrðin	X þungi lögun hald þéttleiki
Vinnan (manneskja/byrði)	X seilingarfjarlægð X beiting lískamans og breyfing X vinnuhæð (frá-til) X lyft til hliðar X lyft með annari hendi
Vinnuálag	X tíðni X heildarþungi X tíminn sem það tekur að lyfta/bera í hvert sinn X tíminn sem vinnan tekur, annað lískamlega erfitt starf
Sérstakir áhættupættir	X óvænt álag hraðaukning títringur ytri stýring
Vinnustaðurinn	rými innréttning/húsmunir undirstaða loft inni eða út
Útbúnaður	hjálpartæki fatnáður persónuhlífar
Menntun	vinnutækni starfsvenjur


## Gagnrýni á matskerfið

Kerfið byggir á upplýsingum um fremur unga, velþjálfaða karla. Í rauð er sjaldan lyft alveg við lískamann.

## 3.4 Álagseinkennavarnir á vinnustað

Pegar á hönnunarstigi framkvæmda þarf að skipuleggja vinnu þannig að álag á hreyfi- og stoðkerfið verði hæfilegt. Mikilvægt er að starfsmenn hafi tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri við slika áætlanagerð.

Miklu skiptir að rými sé nægilegt svo hægt sé að vinna í góðri vinnustöðu með heppilegum vinnuhreyfingum. Mikilvægt er að tekið sé tillit til þessa þegar verið er að skipuleggja nýtt húsnæði og koma fyrir vélum, innréttningum og öðrum búnaði. Nauðsynlegt er að vinnuhæð og vinnusvið (seilingarfjarlægðir) sé við hæfi. Gólf/undirlag má ekki vera ójafnt, hallandi eða hált. Pannig er mjög dregið úr hættu á því að renna til á gólfí eða detta.



Hjálpartæki notað við að flytja skjólstæðing

Nægilegur fjöldi viðeigandi hjálpartækja á að vera fyrir hendi stutt frá notkunarstað.

Breyta þarf aðstæðum sem gera notkun hjálpartækja erfiða, t.d. hæðarmun á gólfí.

Leitast skal við að gera vinnuaðstæður þannig að ekki þurfi að nota persónuhlífar.

Skipulag vinnunnar hefur að sjálfsögðu mikla þýðingu fyrir hættuna á álagsmeinum.

Það er sérstaklega mikilvægt að starfsmenn fái nægilegar leiðbeiningar um hvernig framkvæma skuli vinnuna og að þeir hafi þekkingu á hvernig þeir eigi að bera sig að til að forðast óheppilegt álag/álagsmein. Starf að álagseinkennavörnum á að fara fram í samvinnu stjórnenda og starfsmanna. Pegar starfsmenn eru hafðir með í ráðum eykst áhugi á áframhaldandi vinnuverndarstarfi.

### 6.1.3.3. Danskt matskerfi til að meta álag þegar byrðar eru handleiknar


Í Danmörku var í sambandi við átakið „Tunge løft - ondt i ryggen“ árið 1987 mótað matskerfi til að meta álag þegar byrðum er lyft.

Matsblað til að meta þungar byrðar miðað við fjarlægð frá líkamanum (seilingarfjarlægð).

Gildir þegar byrðum er lyft og að minnsta kosti 2 minútur líða á milli þess að lyft er. Kerfið grundvallast á alagi á mjóbak.

Á 16ðréttu ásnum er þyngd byrðarinnar gefin upp. Í þeim láréttu er fjarlægðin.

Seilingarfjarlægðin er lárátt fjarlægð milli mjóhryggjar og þyngdarlínus byrðarinnar þegar byrjað er að lyfta. Verði fjarlægðin meiri á meðan lyft er er mælt frá þeim punkti.



Til að léta matið er greint milli þrenns konar seilingarfjarlægða:

- lyft alveg við lískamann (15-20 cm seilingarfjarlægð)
- lyft í fjarlægð sem framhandleggur markar (u.p.b. 30 cm seilingarfjarlægð)
- lyft í fjarlægð sem svarar til  $\frac{3}{4}$  af lengd handleggs (u.p.b. 45 cm seilingarfjarlægð)

#### Mat samkvæmt kerfinu

**Rauft svæði:** Hætta á heilsutjóni.

**Gult svæði:** Nánara mat fari fram til að meta hættu á heilsutjóni. Inn í matið koma m.a. þættir sem hafa neikvæð áhrif og nefndir eru hér fyrir neðan. Það hefur neikvæð áhrif ef ekki líða a.m.k. tvær minútur milli þess að lyft er.

**Grænt svæði:** Einstakar lyftingar á þessu svæði fela venjulega ekki í sér hættu á heilsutjóni vegna þyngdar byrðarinnar. Þó getur slæm vinnustelling og tðóðar lyftingar skapað slíka hættu. Ennfremur geta einstaklingsbundnar aðstæður haft sín áhrif.

Séu vinnuskilyrði við að lyfta yfir AL mundi fjöldi og alvarleg áhrif álagsmeina aukast nokkuð meðal hlutaðeigandi.

Prýstikraftur á LS/S1-hryggjalið mundi fara yfir 350 kg (ca. 3500 N). Þennan þrýsting má telja viðunandi fyrir flesta fullorðna, heilbrigða starfsmenn. Orkunotkun mundi fara yfir 3.5 Kcal á mísnútu hjá flestum. Niðurstaða matsins var sú að yfir 75% kvennanna og 99% karlanna gætu lyft byrðum í samræmi við AL.


Séu vinnuskilyrði við að lyfta við MPL mundi fjöldi og alvarleg áhrif álagsmeina aukast verulega meðal hlutaðeigandi. Prýstikraftur á LS/S1 mundi fara yfir 650 kg (ca. 6500 N) og það yrði yfir þolmörkum hjá flestu vinnandi fólk. Orkunotkun mundi fara yfir 5.0 Kcal á mísnútu hjá flestum. Aðeins u.p.b. 25% karlanna og 1% kvennanna mundu hafa vöðva sem duga til að lyfta byrðum við MPL mörkin.

#### Gagnrýni á matskerfið

Leyfilegt hámark (MPL) er alltof hátt. Aðeins er hægt að nota matskerfið þegar lyft er þannig að byrðin hvílir jafnt framan við miðjan líkamann. Sjaldan er lyft þannig í raun.

H-fjarlægðin fra líkamanum er mismunandi frá einu átaki til annars enda þótt vinnuskilyrðin séu þau sömu og sama persóna sem lyftir.

Þeir sem mótuðu NIOSH matskerfið eru að endurskoða það. Búast má við því að hámarksþyngd verði lækkuð og bætt verði við ákvæðum um handfestu og snúning á bol.



Grafisk framsetning á sambengingu milli AL og MPL og fjarlægðarinnar frá líkamanum þegar lyft er öðru hverju frá gólfí og upp í hnúahæð.

## 4. Vinnustöður

### 4.1. Skilgreining og útbreiðsla

Í skýrslunni er vinnustöðum skipt í fjóra flokka:

- sitjandi
- standandi/gangandi
- á hækjum/krjúpandi/á hnjam
- liggjandi

Í sitjandi vinnustöðu eru bak og háls/höfuð upprétt (venjulega eru menn ýmist aðeins álútir, uppréttir eða halla lítillega aftur að bakstuðningi) hné og mjaðmaliðir bognir og meginþungi líkamans hvílir á stólsetunni.

Punga kann að vera létt meira eða minna af hryggnum með bakstuðningi. Fæturnir hvíla á gólfínu eða skemli. Staða höfuðs og háls ræðst af því hvaða kröfur eru gerðar til sjónarinnar (átt og fjarlægð). Í hvíldarstöðu hvíla handleggir oft á stólormum, borði eða í skauti. Við vinnu er handleggjum venjulega lyft fram og/eða út til hliðar.

Í standandi/gangandi vinnustöðu geta líkami og háls/höfuð verið upprétt, mjaðmir og hnjalíðir frá því að vera bein og til þess að vera lítillega begin. Líkamsþunginn hvílir á fótunum og flyst þaðan á gólf/undirlag. Við vinnu er líkami og háls oft beygður og sveigður og handleggjum lyft.

Á göngu færst þunginn frá einni hlið til annarrar um leið og snúningur kemur á bol.

Á hækjum, krjúpandi og á hnjam einkennist vinnustaðan af því að mjaðmir og/eða hné eru mikið begin. Frá fótum og/eða hnjam og e.t.v. höndum flyst þunginn á undirlagið.

Í liggjandi stöðu hvílir meginhluti líkamans á undirlaginu.

Næstum öll vinna er unnin í þessum vinnustellingum eða einhverju afbrigði þeirra. Algengast er að starfsmenn sitji við vinnu eða standi/gangi. Purfi þeir að vinna á hækjum, krjúpandi, á hnjam eða liggjandi er það jafnan vegna þess að viðfangsefnið eða þrengsli krefjast þess.

## 4.2. Hætta á heilsutjóni

Yfирleitt þykir æskilegt að sitja við vinnu þar sem það eyðir minnstri orku.

Löng seta við vinnu getur leitt til hættu á að fætur þrútni (Winkel 1985), vöðvar og liðir verði veikari og liðpokar og bindivefir rými. Þegar setið er við vinnu er átak sumra vöðva stöðugt, annaðhvort við að halda upprétti stöðu (bak- og hnakkavöðvar), eða við að halda öxlum í kyrrstöðu (hnakka- og axlavöðvar) til þess að hægt sé að vinna af nákvæmni og með góðum hraða með handleggjunum. Langvarandi síspenna vöðva er meginástæða margs konar eymsla í vefjunum, t.d. þess sem hefur verið kallað saumavélaveiki (Hviid Andersen, Gaardboe 1990). Vöðverkir og óþægindi frá liðum og sinum geta er tímar líða orðið ólæknandi og leitt til þess að sjúklingurinn hrökklast af vinnumarkaði og verður öryrki. Hjá þeim sem verða fyrir titringi, er þeir sitja við vinnu, einkum álitir og uppréttir, er hætta á að bakið gefi sig og hætta á heilsutjóni vegna of mikils álags vex.

Að standa eða ganga við vinnu með bakið beint og handleggi slaka skapar að jafnaði því aðeins álag að stöðunni þurfi að halda lengi án þess að tækifæri gefist til að setjast. Að ganga beinn í baki án þess að burðast með eitthvað hefur góð áhrif á líkamann (eykur blóð- og vökvasteymi).

Það sem úrslitum ræður um álag og þar með hættu á heilstjóni er eftirfarandi:

- hve álagið leggst þungt á bak/herðar, handleggi og fætur
- hve lengi unnið er í stöðunni
- hver er utanaðkomandi þungi sem leggst á starfsmanninn, t.d. í sambandi við meðhöndlun byrða, stjórnun véla eða tækja (sjá einnig 6. kafla)
- auk þess hafa þýðingu þær hreyfingar sem gerðar eru, það hversu miklar þær eru, hversu tíðar og hraðar (sjá ennfremur 5. kafla).

Álag, sem getur fylgt stellingum og hreyfingum við vinnu sem staðið eða gengið er við, má rekja til staðsetningar þess sem unnið er með, þrengsla, óhentugs fyrirkomulags á vinnustað og við vélar og til lélegra áhalda.

Þegar gengið er við vinnu eykst álag ennfremur vegna þess hvernig þungin flyst sífellt af öðrum fæti á hinn.

Hvar í hreyfi- og stoðkerfi og hvers eðlis það heilsutjón er, sem hætta skapast á, fer eftir vinnustöðnum og þeim hreyfingum handleggja, baks, axla/herða og fóta sem fylgja vinnunni. Auk þess hefur mikil að segja

- að lyfta byrði yfir 50 kg (karlar) eða 30 kg (konur) skal ávallt telja varasamt fyrir hrygginn nema lyft sé í heppilegri stellingu og byrðinni haldið alveg við líkamann.
- að lyfta byrði sem er 20-30 kg (12-30 sé um konur að ræða) getur verið varasamt og skal ávallt athuga nánar.
- að lyfta byrði sem er 10-20 kg (6-12 kg sé um konur að ræða) getur verið varasamt og skal ávallt athuga nánar nema lyft sé í heppilegri stellingu og byrðinni haldið alveg við líkamann.
- sé verið að lyfta utan seilingarsviðs handleggjanna getur það jafnan verið varasamt og skal athugast nánar.

### Gagnrýni á hið fljótlega matskerfið sem forvarnatæki

Þetta matskerfi væri ekki hægt að nota til að skipuleggja verkþætti (sem vissulega var ekki atlunin) þar sem þyngdarmörkin voru of há til að skapa öruggi fyrir meirihluta starfsmannanna. Þyngdarmörkin voru mismunandi fyrir karla og konur sem kann að vera réttlætanlegt miðað við mismun á meðalhæfni karla og kvenna við að lyfta. En stórt hluti kvenna, u.p.b. 25%, er eins sterkur og karlar. Auk þess hefur ekki verið sýnt fram á það í neinum rannsóknum að minni hætta sé á bakverk meðal fólks sem hefur mikinn vöðvastyrk. Hins vegar hefur verið sýnt fram á nokkurt samhengi milli polleysis og bakverkja (Biering - Sørensen 1984).

Lög um jafnrétti banna mismunun vegna kyns. Með mismunandi þyngdarmörkum fyrir karla og konur gæti sú fáránlega staða komið upp að vinnuveitandi neyddist til að neita konu um starf þótt hún að öllu leyti, einnig hvað snertir líkamsburði og þol væri hæfust til að gegna starfinu.

#### 6.1.3.2. NIOSH-matskerfið

Árið 1981 mótað NIOSH „Work practices guide for manual lifting“ (NIOSH 1981). Þetta matskerfi var hægt að nota til að meta áhættu þegar verið var að lyfta með einföldum hætti jafnt með báðum höndum framan við líkamann í góðri stöðu við hentug skilyrði. Byrðin skyldi hafa gott hald og takmarkaðist breiddin við minna en 75 cm. Matið byggðist á fjórum breytum:

H = lárétt fjarlægð í cm milli þyngdarlínú byrðarinnar og punkts mitt á milli ökkla persónunnar þegar byrjað er að lyfta.

V = lödrétt staða byrðarinnar yfir gólfí í cm þegar byrjað er að lyfta.

D = lödrétt fjarlægð í cm frá upphaflegri staðsetningu byrðarinnar til staðarins sem hún er lögð á.

F = meðaltíðni lyftinga (hve oft lyft á mínútu). Í formúlunni er notað táknið F max (12-18), sú hámarkstíðni lyftinga sem viðunandi telst með hliðsjón af vinnustellingunni og lyftingatímanum 1 klst/8 klst.

Við útreikning á AL (acceptable limits = viðunandi mörk) var eftirfarandi formúla notuð:

$$AL = 40(15/H) \cdot (1-0.004 \cdot V \cdot 75) \cdot (0.7 + 7.5/D) \cdot (1-F/max)$$

Við bestu skilyrði verða liðirnir í svigum 1 og AL 40 kg.

Auk þess var MPL (Maximal permitted limits = leyfilegt hámark) gefið upp sem 3 x AL.

## 6.2.1. Hætta á heilsutjóni

Purfi að lyfta þungri byrði og bera hana kemur einkum upp hætta á að álag verði of mikið á hrygginn, einkum þegar verkið tengist slæmum vinnustellingum. Að lyfta þungri byrði og bera hana skapar einnig hættu á að álag verði of mikið á axlir og handleggi einkum þegar byrðin hvílir lengi á handleggjunum. Hætta á að skaða hnén skapast einkum við að lyfta með mjög begin hné og við að bera í tröppum og þar sem undirlag er ótraust eða hart. Ennfremur reynir á hjarta og æðakerfi þegar verið er að lyfta þungum hlutum.

## 6.3.1. Dæmi um fyrirliggjandi matskerfi

Síðan í byrjun nafnda áratugarins hafa verið notuð á Norðurlöndum einföld þriggja dálka matsblöð til að meta hættu við að lyfta. Í þeim er athyglinni einkum því að álagi á mjóbakið enda liggja fyrir bestar upplýsingar um það efni og heilsutjón, sem þar verður, kostar samfélagið mest.

### 6.1.3.1. Fljótlegt matskerfi fyrir tryggingarnar - Svíþjóð Svensk „lathund för forsikringskasserne“

1982 var tekið í notkun í Svíþjóð matsblað sem nefnist „Liten lathund för bedömnning av ryggskador.“ Það var notað í sambandi við úthlutun bóta tryggingarfélaganna (Andersen o.fl. 1981).

Þyngd í kg karlar (konur)	Framhandleggs- fjarlægð frá bol	Þægilegt vinnusvið	Óþægilegt vinnusvið
> 75 kg (> 45 kg)	varasamt	varasamt	varasamt
50 - 75 kg (30 - 45 kg)	athugist		
20 - 50 kg (12 - 30 kg)			
10 - 20 kg (6 - 12 kg)	athugist		
0 - 10 kg (0 - 6 kg)	hættulaust	skaðlaust	athugist

Þannig skal túlka matsblaðið:

- ávallt skal telja byrði yfir 75 kg (karlar) eða 45 kg (konur) varasama fyrir hrygginn.

hvert er afl og stefna þess þunga sem á starfsmanni lendir og það hvar hann lendir á honum. Það þriðja, sem veldur mestu um áhættuna, er það hve lengi í einu og hve oft umrædd vinna er unnin.

Þegar unnið er með handleggi hærra en í hjartahæð er blóðstreymi til þeirra tregt og veldur það fljótlega þreytu. Það er einfaldlega ekki hægt að vinna mjög lengi í einu með handleggina ofar axlahæð.

Þegar vart verður óþæginda í mjóbaki, mjöðmum og hnjam og æðakerfið fer að gefa sig (t.d. æðahnútar) má oft rekja það til aðstæðna þegar staðið eða gengið er við vinnu.

Þar sem staðið og gengið er við vinnu skiptir gerð undirlagsins afar miklu vegna þess að hált undirlag, ójafnt og illa upplýst veldur hættu á að starfsmenn detti eða hrasi. Hart undirlag og undirlag, sem titrar, eykur hættu á því að starfsmenn ofreyni liði í fótum, mjöðmum og baki. Vinna með tæki, sem titra, eykur hættu á því að hendur og handleggir skaðist.

Þegar setið er á hækjum, legið á hnjam og kropið hvílir mikið álag á hnjanum ýmist vegna þess begin þau eru eða vegna þess að hvílt er á þeim. Hætta á áverkum á hnjam er mikil þegar unnið er með þessum hætti. Í þessum vinnustöðum er oft mikið álag á bak, herðar og handleggi. Oft er það býsna þungt sem unnið er með í þessum stellingum, t.d. við steinlagningu og lagningu góllefna. Því fylgir þessum vinnustellingum hætta á álagsmeinum í baki, herðum/öxlum og handleggjum.

Í sjálfu sér er **liggjandi staða** sú sem reynir minnst á líkamann og því sú staða sem maður notar til að hvílast og sofa. Hana þarf ekki að nota við vinna nema í þróngu rými og þegar legið er á baki eða hlið er jafnan svo að handleggjum er lyft, oft án nokkurs stuðnings við líkamann og án nægrar lýsingar. Sé unnið með handleggi yfir hjartahæð er blóðstreymi til þeirra tregt og veldur það fljótlega þreytu. Það er einfaldlega ekki hægt að vinna mjög lengi í senn með handleggina í þessari hæð. Sé unnið með handleggjum liggjandi á bakinu eru skilyrði fyrir starfsemi herða- og axlavöðva slæm og fljótlega kemur að því að álag á vöðvana verður of mikið. Álag verður einnig mikið þegar unnið er liggjandi á maganum á flötu undirlagi og bakið verður fatt og herðar sömuleiðis.

#### 4.2.1. Samhengi milli álagseinkenna og vinnustöðu

Óþægindi í mjóbaki tengjast einkum álútri stöðu, að líkaminn sé undinn, sveigður til hliðar eða bakið fatt. Sérstakt álag fylgir því þegar vinnustaðan er langvarandi eða þegar hreyfingarnar eru endurteknar oft. Óþægindi í mjóbaki eru algengust meðal starfsmanna sem vinna erfið störf í stöðu sem mikið álag fylgir, t.d í greinum eins og ræstingum, landbúnaði, garðyrkju og félagsmála- og heilbrigðisþjónustu. (Ørhede 1992).

Óþægindi frá hálsi/herðum og öxlum tengjast einkum vinnu þar sem örnum er lyft, höfuð er í læstri stöðu vegna mikillar kröfus til sjónarinnar og námkvæmnisvinnu, t.d. við einhliða, endurtekin verk við sauma og tölvuvinnslu. Óþægindi í hálsi/herðum og öxlum eru algengust meðal starfsmanna í fata- og vefjariðnaði, í félagsmála- og heilbrigðisþjónustu, matvælaiðnaði, prentiðnaði og tréiðnaði (Ørhede 1992).

Óþægindi frá höndum og handleggjum tengjast einkum hreyfingum sem eru endurteknar sí og æ. Slík óþægindi eru algengust meðal starfsmanna í ræstingum, fata- og vefjariðnaði og í matvælaiðnaði. Óþægindi í olnbogum eru algengust meðal starfsmanna í landbúnaði, garðyrkju og tréiðnaði (Ørhede 1992).

Óþægindi í hnjam eru meiri en í meðallagi hjá fólk sem þarf að vinna á hnjam og hjá þeim sem þurfa að hoppa niður á harða, ójafna undirstöðu. Óþægindi í mjöðum eru algengust meðal þeirra sem vinna í félagsmála- og heilbrigðisþjónustu, í hnjam hjá þeim sem vinna í byggingavinnu og feturnir verða verst úti hjá þeim sem eru í hótel- og veitingastörfum og matvælaiðnaði (Ørhede 1992).

#### 4.3. Dæmi um fyrirliggjandi matskerfi

Á Norðurlöndum hafa verið notuð ýmiss konar matskerfi til að meta vinnustöður og hreyfingar, t.d. ARBAN, OWAS (Kilbom o.fl. 1986, Dallner o.fl. 1992), úttektaraðferð notuð við rannsókn á jarð- og byggingarvinnu (Damlund o.fl. 1982). Ergonomic workplace analysis (Ahonen 1989) ásamt matsblöðum sem ætluð eru fyrir sérstakar kannanir, t.d. þegar danska vinnueftirlitið gerði úttekt á öllum greinum tréiðnaðarins (Arbejdstilsynet 1989).

## 6. Erfið líkamleg vinna Að lyfta og bera, draga og ýta

Með líkamlegri vinnu er hér átt við það að lyfta, bera, draga, ýta og flytja með öðru móti hluti/viðfangsefni/persónur þannig að einkum er beitt vöðvaafli.

### 6.1. Að lyfta og bera

#### 6.1.1. Skilgreining og útbreiðsla

Þegar hér er talað um að lyfta byrði er átt við það að flytja byrði þannig að hún lyftist frá undirlaginu alveg eða að hluta meðan á verkinu stendur. Með burði er átt við að byrðinni sé haldið uppi eða hún flutt þannig til. Tíminn, sem verkið tekur, ræður mestu um það hvort talað er um að lyfta eða að lyfta og bera.

U.þ.b. þríðjungur vinnanadi fólks í Danmörku og að því er ætla má álíka hlutfall í öðrum Norðurlandaríkjum verður í viku hverri að lyfta þungum byrðum og bera þær (DIKE 1987).

Enda þótt þróun góðra lyfti- og flutningstækja hafi dregið úr því að verið sé að lyfta þungum byrðum hvílir þó álag, sem þeim fylgir, enn á starfsfólk í mörgum greinum. Ástæðurnar geta legið í því

að ekki er til góð hjálpartæki til að flytja fólk og hluti í tröppum og enn eru margar byggingar án lyftu eða með of lithum lyftum. Þetta gerir t.d. sjúkraflutningamönnum, þeim sem vinna við flutninga og útsendingu á vörum erfitt fyrir.

að rými er of þróngt, of lágt til lofts eða gólfín í það slæmu ástandi að ekki er unnt að koma hjálpartækjum við. Svo háttar t.d. til á hjúkrunarheimilum, elliheimilum, á bílaverkstæðum, við flutninga- og lagerstörf, á byggingavinnustöðum og víðar.

að grónar starfvenjur, andstaða gagnvart breytingum bæði meðal stjórnenda og starfsmanna og takmarkaður skilningur á alvöru málsins kemur í veg fyrir að tekið sé á vandamálunum.

## Yfirlit til að meta hvort hentugra sé að vinna verk sitjandi eða standandi

Með því að greina kröfur, sem verkefnið gerir, er eftirfarandi ákveðið:

Unnið innan takmarkaðs sviðs (vinnusviðs)	Unnið innan sviðs sem er stórt bæði að flatarmáli og hæð eða unnið með stóra hluti sem erfitt er að handleika
Ekki krafist mikillar aflbeitingar; litlir, léttir hlutir meðhöndlaðir	Mikil aflbeiting, þung byrði meðhöndluð
Nægilegt fótarými	
<u>Sitjandi vinnustaða</u>	<u>Standandi/gangandi vinnustaða</u>

Æskilegast er að hægt sé að skipuleggja vinnustað þar sem unnið er sitjandi þannig að með hentugu millibili sé hægt að standa upp og vinna þannig um stund eða þá gangandi, t.d. þannig að skipt sé um stað eða að unnt sé að haga svo til á staðnum að ýmist sé unnið sitjandi eða standandi.

Séu kröfurnar, sem vinnan gerir, með þeim hætti að vinnuna skuli framkvæma standandi, getur verið kostur að létta á fótunum með tyllistó� þegar aðstæður leyfa.

## 4.4 Tillögur hópsins um matskerfi

Á næstu síðum er birt yfirlit til að meta hættu á heilsutjóni við vinnu í ákveðinni stöðu sem unnið er í verulegan hluta vinnudagsins (sjá næstu síðu).

VINNUSTAÐA	Rautt Óviðunandi	Gult Meta nánar	Grænt Viðunandi
 <b>SITJANDI</b>	Háls álútur/snúinn læst staða og sjónkröfur	stundum læst staða	mest í miðstöðu hreyfingar óbundnar
	Hryggur boginn/ snúinn oft/lengi í læstri stöðu	stundum boginn/snúinn	hreyfingar óbundnar gott stólbak
	Axlin/ handleggir út frá líkamanum, unnið í/yfir axlarhæð í meira en 1/2 handleggs fjarlægð frá líkamanum oft/langtínum saman	stundum út frá líkamanum	vinnuhæð og vinnusvið aðlagð verkefninu og einstaklingnum
	Fætur rými fyrir fætur vantar stuðning f/ fætur vantar langvarandi læst staða/-unnið á fótstigi	takmarkað fótarými lélegur stuðningur fyrir fætur unnið á fótstigi	nægt rými f/ fætur góður stuðn. f/ fætur sjaldan unnið á fótstigi
 <b>STANDANDI/ GANGANDI</b>	Háls álútur/snúinn læst staða og sjónkröfur	stundum læst staða	mest í uppréttí stöðu hreyfingar óbundnar
	Hryggur boginn/ snúinn oft/lengi í læstri stöðu	stundum boginn/snúinn	mest í uppréttí stöðu hreyfingar óbundnar
	Axlin/ handleggir út frá líkamanum, unnið í/yfir axlarhæð í meira en 3/4 handleggs fjarlægð frá líkamanum oft/langtínum saman	stundum út frá líkamanum	vinnuhæð og vinnusvið aðlagð verkefninu og einstaklingnum
	Fætur rými vantar óstöðugt undirlag fóta langvarandi læst staða unnið lengi á fótstigi	rými takmarkað lélegt undirlag fóta stundum læst staða stundum unnið á fótstigi	gott rými, slétt, lárétt, stamt, höggdeyft undirlag hreyfingar óbundnar sjaldan unnið á fótstigi
 <b>Á HÆKJUM/ LIGGJANDI Á HNJÁM</b>	meira en 1/2 klst í einu, meira en 1/2 vinnudag slæmt undirlag	kemur stundum fyrir	sjaldan og stutt í einu

auknar hæfnikröfur þannig að starfsmaður sinnir vissum stjórnunar-, skipulags- og eftirlitsþáttum og víkkun verkefnasviðsins ætti fremur að hafa í hávegum en vinnuskipti sem felast í því að starfsmaðurinn vinnur fleiri álíka verk.

Framkvæmd skipulagsbreytinga er háð þáttöku stjórnenda á öllum stigum og starfsmannanna. Til þess að svo megi verða þarf innsýn í hvað veldur atvinnusjúkdómum og hvernig skipulagsbreytingar geta stuðlað að heilbrigði. Jafnvel þarf skýra viljayfirlýsingu af hálfu stjórnenda. Oft gætir óryggis meðal starfsmanna þegar þeir standa frammi fyrir því verkefni að breyta starfsháttum. Við slíkar aðstæður getur reynst mjög erfitt að koma á breytingum á stuttum tíma. Það gildir einkum ef breyta þarf viðhorfum. Það krefst síns tíma. Mikilvægt er að gefa breytingunum þann tíma sem þær krefjast þannig að allir sem þær snerta geti skilið átakið og lagt sitt af mörkum. Launakerfi, sem veitir umbun fyrir magn fremur en gæði, hefur tilhneigingu til að hamla æskilegum breytingum.

Matskerfi/tafla til að meta hættu á heilsutjóni vegna vinnustöðu sem varir umtalsverðan hluta vinnutímans

úr ólíkum þáttum sem þó séu skýrt tengdir, t.d. á þann hátt að skipulag, framkvæmd og eftirlit með ákveðnu verki sé í höndum sama starfsmannsins. Starfsmaður hefur möguleika á að nota hæfni sína og þróast í starfi.

Starf með "lítio" innihald er byggt aðeins einum eða örfáum einföldum verkþáttum. Til eru störf með áberandi "lítio" innihald þar sem eina örvinun er hversu miklu magni einstaklingurinn getur afkastað og/eða hin afkastatengdu laun sem hann hlýtur fyrir vinnuna. Hin andlega örvin sem skapast við að vera "duglegur" hefur í för með sér aukna hættu á líkamlegu heilsutjóni. Aukin afköst auka álagið á líkamann samtímis því sem dregur úr svigrúmi fyrir hlé til að endurheimta krafta sína (Malker og Serlander 1988, Sundström-Frisk 1990).

Með færninámi er átt við sú starfspjálfun, starfsfræðsla og menntun sem starfsmaður þarf að fá til að geta sinnt starfinu. Margþætt störf eða verkefni uppfylla þörf starfsmanna um að nota líkamlega getu, skilning, skynsemi og hugmyndaflug. Störf með "gott" innihald krefjast yfirleitt lengri starfspjálfunar, símenntunar og hæfnispjálfunar.

VINNUSTAÐA	Rauðt Óviðunandi	Gult Meta nánar	Grænt Viðunandi
LIGGJANDI 	meira en 1/2 klst í einu, meira en 1/2 vinnudag slæmt undirlag	kemur stundum fyrir	sjaldan og stutt í eинu

#### Matskerfið/taflan er notuð á eftirfarandi hátt:

Vinnustaðan sem verkið er unnið í er skilgreind í einn hinna fjögurra flokka, þ.e. sitjandi, standandi/gangandi, á hækjum/liggjandi á hnjam og liggjandi. Því næst er farið í töfluna og athugað hvort hægt sé að flokka verkefnið í rauðt, gult eða grænt

Á rauðu svæði er álagið er óviðunandi. Stór hluti vinnandi fólks er í hættu að fá álagsmein vegna vinnustellinga og vinnuhreyfinga skilgreindum á rauðu svæði miðað við að þetta séu dagleg störf sem vara í tiltekkinn tíma.

Þó skal bent á að vinnustaða felur ekki í sér hættu á heilsutjóni ef vinnustaðan kemur einungis fyrir með nokkurra daga millibili stutta stund í einu að því tilskildu að starfsmaður geti sjálfur komið sér í umrædda stöðu og að ytra álag eða ytri hætta, t.d. hætta á að hrapa, sé ekki fyrir hendi.

Á gulu svæði þarf að meta þarf vinnuna/verkefnið nánar. Oft munu þættir eins og hversu lengi er unnið á þennan hátt, hversu læst vinnustaðan er og hvort um er að ráða samverkandi álagsþætti, t.d. að lyfta þungu í vinnustöðu sem veldur miklu á lagi, ráða úrslitum um hvort niðurstaða mats verður að aukin hætta sé á heilsutjóni eða ekki á gulu svæði. Hér þarf hugsanlega að ráðfæra sig við sérfræðinga á sviðinu.

Á grænu svæði eru vinnustöður og -hreyfingar við vinnuna viðunandi. Einungis í þeim tilvikum að starfsmaður hefur óþægindi er gert heildarmat á aðstæðum hans, vinnuá lagi o.fl.

#### Við mat á álagi þarf að taka tillit til eftirfarandi:

hversu boginn/snúinn er hryggur, háls, mjaðmir og hné


## 5.4. Úrbætur

Lengi hefur verið talið að draga mætti úr sjúkdómseinkennum í hreyfi- og stoðkerfi með því að bæta vinnuskilyrðin. Vinnustaðir hafa verið mótaðir með hliðsjón af líkamlegum forsendum þar sem litið er til stærðarhlutfalla líkamans, líkamsburða, vinnustellinga o.fl. Pessar nákvæmu, vinnuvistfræðilegu úrbætur hafa fætt af sér ágætlega aðlagada vinnustaði sem stundum hafa reynst svo hentugir að hægt var að auka vinnuhraðann. Með því móti varð framleiðnaukning sem „át upp“ hinn vinnuvistfræðilega ávining. Menn hafa fallið í svonefnda „vinnuvistfræðigildru“ (ergonomifälla). Þar sem álagsmein stafa af mörgum mismunandi orsökum eru úrbætur af þessu tagi ekki fullnægjandi (Winkel 1989). Auk þess þarf m.a. að taka tillit til hversu lengi er unnið og þess hvaða kröfur eru gerðar um afköst.

Það verður að grípa til úrræða á öllum þeim sviðum, sem talin eru upp í matskerfinu, eigi að bregðast við álaginu í heild. Það verður því aðeins gert að að gripið sé til skipulagsbreytinga. Skipulagsbreytinga sem felast í lengri vinnulotum með færri sams konar hreyfingum, meira athafnafresi, fjölpættara starfi og auknum færnikröfum. Það er það sem til þarf ásamt vel hönnuðum vinnustöðum til að flytja sig frá rauðu svæði yfir á grænt á matsblaðinu sem lýsir áðurnefndu kerfi. Meiri fjölbreytni og

- hversu mikið handleggjum er lyft fram, út til hliðar eða aftur frá öxl og hvort hendur vinna í olnboga-, axlar- eða höfuðhæð. Einnig þarf að skoða beygju og snúning í olnbogum og úlnliðum
- hversu oft (tíðni) og hversu lengi í einu á hverjum vinnudegi er unnið í óheppilegri vinnustöðu
- hraði
- hvernig þyngdarkrafturinn virkar á líkamann í vinnustöðunni
- hvort áhrifa ytri krafta gætir, og þá stærð og stefna kraftsins (sjá kafla 3 um samverkandi áhrif álagsþáttta)
- hvort um er að ræða hreyfivinnu eða stöðuvinnu

#### Leiðbeiningar um vinnusvið fyrir handleggi við sitjandi vinnu (Danska vinnueftirlitið 1993)



Eðlilegt vinnusvið eða seiling er jöfn lengd framhandleggjar þegar upphandleggir eru slakir niður með hliðum. Hámarksseilingarfjarlægð er þegar handleggurinn er beinn og vinnustaða samtímis góð.

Þegar vinnan felur í sér endurteknar hreyfingar eða er langvarandi á vinnan að fara fram innan eðlilegrar seilingar, sjá mynd.

#### Útskýringar á matskerfi:

Taflan miðast við heila vinnuvakt. Vaktin er venjulega 4-8 klst. á sólarhring. Ef vinnuferlið er metið rauðt meiri hluta vinnutímans er það án vafa flokkað sem einhæf endurtekningarvinna. Hættan eykst enn frekar ef einhverjir hinna þáttanna (vinnustöður/-hreyfingar, athafnafreli og innihald starfsins/færninám) eru einnig rauðir. Vinna af þessu tagi er talin óviðunandi og skal gera úrbætur tafarlaust. Ef vinnuferlið er talið gult meiri hluta vinnutímans þarf að meta aðstæður nánar. Ef einn eða fleiri hinna þáttanna eru metnir sem rauðir eða gulir, getur starf við þessar aðstæður talist óviðunandi og úrbóta þörf. Ef vinnuferlið telst grænt flokkast það ekki undir einhæfa endurtekningarvinnu. Fyrir alla þáttina gildir að því nær grænu sem matið er þeim mun betri eru vinnuaðstæður.

**Vinnuferli:** Sá tími sem líður frá því að vinna við ákveðinn hlut/verkefni hefst þar til vinna við næsta sams konar hlut/verkefni hefst nefnist í iðnaði vinnuferli og það er sá tími sem átt er við hér. Það er ekki óalgengt að sömu vinnuhreyfingar sé endurteknar margssinnis innan sama vinnuferlis. Mikilvægt er að athuga hve oft svipaðar vinnuhreyfingar eru endurteknar, þar sem það sker úr um hættu á álagsmeini.

**Vinnustöður-hreyfingar:** Við mat á vinnustöðu er vísað til kafla 4. Við mat á vinnuhreyfingum skal tekið tillit til hve mikill hluti líkamans tekur þátt í hreyfingunni. Ef verkið er endurtekið mjög oft og hratt (há tíðni) og stór hluti líkamans tekur þátt í verkinu, t.d. við að færa byrðar úr stað, er það litið alvarlegri augum en ef aðeins afmörkuðum hluta líkamans er beitt við verkið t.d. við vélritun.

**Athafnafreli:** Með athafnafreli er átt við möguleika einstaklingsins að stjórna og bera ábyrgð á því hvernig dagsverkið er skipulagt. Á hvaða hraða og takti er unnið og á hvaða hátt vinnan er framkvæmd. Hvernig hlé og hvíldir skiptast yfir daginn. Mikið athafnafreli felur í sér að einstaklingurinn hefur mikla stjórn yfir vinnunni og góða möguleika á að hafa áhrif á innihald starfsins bæði þegar til lengri og skemmrí tíma er litið. Að stjórnast af öðru getur t.d. falið í sér að sitja við færiband, þar sem einstaklingurinn getur ekki haft áhrif á hraða bandsins. Langar biðraðir viðskiptavina geta leitt til andlegs álags sem takmarkar athafnafrelið. Að vinna í akkorði veitir ákveðið frelsi en í raun og veru hefur það oft gagnstæð áhrif vegna þess að ávallt eru til staðar lágmarkskröfur um afköst.

**Innihald starfsins og færninám:** Með innihaldi starfsins er átt við möguleika á að sjá "framleiðsluna" í heild og hvernig eigið starf tengist heildinni. Að innihald starfsins sé "gott" felur í sér að starfið sé samsett

### 5.3. Tillaga starfshópsins að matskerfi

Kerfi til að meta álag við einhæfar endurteknar hreyfingar


	Rautt	Gult	Grænt
Vinnuferli	Vinnuferlið er endurtekið oft á sömu minútu.	Vinnuferlið er endurtekið oft á sama klukkutíma.	Vinnuferlið er endurtekið nokkrum sinnum á sama klukkutíma.
Líkamsstöður og hreyfingar við vinnuna.	Læstar eða óbægilegar líkamsstöður og hreyfingar við vinnuna.	Takmarkaðir möguleikar á að breyta líkamsstöðu og hreyfingum við vinnuna.	Vel hannaður vinnustaður. Miklir möguleikar á að breyta líkamsstöðu og hreyfingum við vinnuna.
Athafnafrelsi	Annað eða aðrir stjórna verkinu að hluta til.	Annað eða aðrir stjórna verkinu að hluta til. Takmarkaðir möguleikar á að hafa áhrif á hvernig starfið er unnið.	Miklir möguleikar á að laga starfið að getu hvers og eins. Starfsmaðurinn hefur áhrif á hvernig starfið er skipulagt og leyst af hendi.
Innihald starfsins. Færninám.	Starfsmaðurinn vinnur afmarkað verkefni í framleiðsluferli. Vinnuskipting getur komið til greina. Færninám á ýmsum sviðum.	Starfsmaðurinn vinnur margs konar verkefni í framleiðsluferli. Vinnuskipting getur komið til greina. Færninám á ýmsum sviðum.	Starfsmaður tekur þátt í ýmiss konar verkefnum eða öllu framleiðsluferlinu þar með talin skipulagning og eftirlit. Sífellt færninám.

#### Aðrir áhrifaþættir:

unnið í afkastahvetjandi kerfi  
óvæntar truflanir  
skortur á mannlegum samskiptum/félagslegum stuðningi á vinnustaðnum  
þyngd verkefnisins/hlutarins og gripmöguleikar hlutfall af vinnudegi

Vinnusvið getur aukist til hliðar með því að snúa líkamanum, að því tilskildu að hægt sé að forðast snúning í hrygg og fætur fylgi með í hreyfingunni. Ef fötskemill er notaður á hann að veita stuðning í allri hreyfingunni.

**Leiðbeiningar um vinnuhæð við standandi vinnu**  
(Danska vinnueftirlitið 1993)



**Við sjónkrefjandi nákvæmnisvinnu**, t.d. við samsetningu smára hluta, er það fjarlægð augans frá verkefninu sem ræður vinnuhæðinni. Hæð vinnuborðs á að vera 10-20 cm fyrir ofan olnboga í þægilegri sjónfjarlægð, u.p.b. 30-50 cm frá auganu, vinnustæða þægileg og borð gjarnan hallandi. Vinnan á að fara fram sitjandi á stól með setu sem hægt er að halla.

**Við léttu vinnu** t.d. þegar smáir hlutir eru handleiknir er vinnuhæð 5-10 cm fyrir neðan olnboga oftast ákjósanleg. Ef unnið er sitjandi getur verið hentugt að hafa vinnuflötinn í olnbogahæð með tilliti til rýmis fyrir fætur undir borðinu. Borðplatan á að vera þunn, hæfileg þykkt er oftast 2-3 cm.

**Við átakavinnu** eða þegar unnið er með stóra hluti t.d. þegar verið er að pakka, binda, hefla og hnoða á vinnuhædin að vera nokkuð lægri. Átakavinna á að fara fram standandi, því þá nýtist eigin líkamspungi og styrkur betur við vinnuna.

Ráðlegt er að auðvelt sé að hæðarstilla búnaðinn, svo hægt sé að aðlaga vinnuhæðina bæði hæð starfsmanna og mismunandi verkefnum.

Viðmiðanir við mat (sérfræðinga) á vinnustöðu sem fellur undir gult svæði fyrir líkamssvæðin háls, bak, axlir og hönd/handlegg.

	Mikið álag	Töluvvert álag	Lítið álag
<b>HALS:</b>			
hallar fram	> 45 ° > 25° miðað við hrygginn	15 - 45°	0 - 15°
hallar aftur	> 5 °	0 - 5°	0°
hallar til hliðar	> 15 °	5 - 15°	0 - 5°
snúningur í hálsi	> 45°	15 - 45 °	0- 15°
<b>HRYGGUR:</b>			
hallar fram	> 60° (standandi) > 30° (sitjandi), < 90° horn í mjóðumum	20-60° (standandi) 15-30° (sitjandi)	0 - 20° (standandi) 0-15° (sitjandi)
hallar aftur	> 5° (standandi)	0 - 5° (standandi)	0° (standandi)
hallar til hliðar	> 15 °	5 - 15 °	0 - 5 °
snúningur	> 45 °	15 - 45 °	0 - 15 °
<b>AXLIR/HAND-LEGGIR:</b>			
handleggjum lyft fram og upp	> 60 °	20 - 60°	0 - 20°
handleggjum lyft til hliðar og upp	> 30°	10 - 30 °	0 - 10 °
unnið með höndum	yfir axlahæð	u.p.b. í axlahæð	ca. í olnbogahæð
<b>FRAM-HANDLEGGUR/HOND:</b>			
framhandlegg snúið inn á við (handarbak snýr upp) eða út á við (handarbak snýr niður)	læst staða eða sifeld hreyfing að ystu stöðu	frá miðstöðu að ystu stöðu	u.p.b. miðstaða
únlíður með hliðarbeygju að litlafingri, beygju fram eða aftur	læst staða eða sifeld hreyfing að ystu stöðu	frá miðstöðu að ystu stöðu	mest í miðstöðu

Ýmsir kynnu að álykta að hinir sterkari standi betur að vígi. Rannsóknir benda þvert á móti til að svo sé ekki (Kilbom 1988, Wigeaus Hjelm 1990). Karlar fá einnig álagsmein vegna einhæfrar, endurtekinnar vinnu en það er mun algengara að konur séu bundnar við slíka vinnu tímum saman en karlarnir eigi frekar kost á að sinna fleiri verkum (JAMFO 1988, Kilbom 1988) og kemur þetta fram í skráningu atvinnusjúkdóma. Niðurstöður úr svonefnri „ULF-rannsókn“ sýna að konur í störfum, sem karlar sinna einkum, kvarta talsvert oftar um sjúkdómseinkenni í hreyfi- og stoðkerfi en aðrar konur (Östlin 1990). Þetta má hugsanlega skýra með því að að vinnustaðirnir séu aðlagaðir líkamsburðum karla.

Uppi eru mismunandi kenningar um það ferli sem leiðir til þess að vöðvaverkir fylgja einhæfum, endurteknum störfum. Ein kenningin varðar hvernig vöðvaþræðirnir vinna (Hägg 1991). Í þeirri kenningu er því haldd fram að vöðvaþræðirnir vinni eftir fastri röð þannig að sami þráður sé jafnan kallaður til starfa fyrst og sé að alla vinnulotuna. (Öskubuskukenningin).

Vinnustöður sem flokkast undir lítið álag geta orsakað álagseinkenni ef unnið er þannig í læstri stöðu, í lengri tíma.

yfir í nýjar framleiðsluvörur. Sum fyrirtæki snúa til framleiðsluháttar sem minna á handverk, þannig að unnið er í hópum sem fengin er ábyrgð á verulegum hluta verkefnisins til að brugðist sé betur við þeim kröfum sem framleiðslunni fylgja. Í því skipulagi reynir meira á hina ýmsu hæfileika starfsmanna, m.a. fjölhæfni, gæðavitund og ábyrgð. Séu framleiðsluhættir þannig að vinnan er bútuð niður reynir ekki á þessa hæfileika. Tæknipróounin hefur leitt til aukinnar sjálfvirkni við framleiðslu hluta sem eru fjöldaframleiddir. Þegar verið er að gera framleiðslu sjálfvirkja þarf þó oft að grípa til einhliða, endurtekinnar vinnu. Breyttir framleiðsluhættir og aukin sjálfvirkni krefst annars vinnuskipulags.

Mikilvægt er að hafa í huga að samhliða því að greina má jákvæð þróunareinkenni sýna rannsóknir að endurtekin, einhliða störf er enn víða að finna og einkum meðal kvenna (Andersen 1992, Ørhede 1992).

## 5.2. Hætta á heilsutjóni

Bent hefur verið á að tilbreytingarleysið og hraðinn sem fylgir einhliða, endurteknum störfum í langan tíma sé í andstöðu við eðli mannsins (Gardell 1986). Þetta kemur m.a. fram í skráningu atvinnusjúkdóma í Svíþjóð. Meðal karla er það slátrun og kjötiðnaður sem er efst á blaði þegar skoðað er hvaða greinar skapa mesta hættu á álagsmeinum. Meðal kvenna eru bæði þær sem vinna við samsetningu véla og tækja og vélvirkjar í verksmiðjum ofarlega á blaði (sænskar konur í þessum greinum vinna oft við einhliða, endurtekin verkefni, sbr. danska starfsmenn við samsetningu) (Arbetarskyddstyrelsen 1991). Finnskar rannsóknir benda í sömu átt (Vaaranen o.fl. 1991)

Endurtekning sömu hreyfinga veldur stöðugu, svipuðu álagi á stöð- og hreyfikerfið (Hagberg 1984, Kilbom, Hagberg 1990, Luopajarvi 1979). Pótt það sem unnið er með vegi næstum ekkert nægir þyngd handleggjanna til að skapa álag á vöðva og liði (Gamberle o.fl. 1981). Álagsmein, sem aukast jafnt og þétt, geta orsakast af einhliða, endurtekinni vinnu. Með tíð og tíma getur heilsutjónið orðið alvarlegt og langan tíma getur tekið að lækna það (Berg o.fl. 1988, Dionne 1989, Kemmlert o.fl. 1990). Einnig hefur komið í ljós að þeim, sem hafa lent í þessu, hættir til að fá einkennin aftur (Eckenbäck, Hagberg 1991).

Margar rannsóknir hafa leitt í ljós að svona vinna skapar hættu á álagsmeinum (Kilbom 1988, Kuorinka 1983, Lundgren (ritstj.) 1990, Byström 1991, Silverstein o.fl. 1986, Wallace, Buckle 1987). Stór hluti þeirra, sem fara á eftirlaun fyrr en gerist og gengur vegna álagsmeina, er fólk sem hefur orðið fyrir þeim á þennan hátt. Komið hefur í ljós að konum er einkum hætt við álagsmeinum af þessu tagi.

## 4.5. Úrbætur

Oft verða vinnustellingar erfiðar vegna slæmrar hönnunar vinnustaðar, véla eða innréttингa, vegna þrengsla, eða þá að verkið verður að vinna í óþægilegri eða óhentugri vinnuhæð, eða í þróngu rými þar sem lágt er til lofts.

Úrbætur felast því í betri hönnun vinnustaða, véla, húsmuna og bygginga. Til þess að þetta nái fram að ganga þarf að leggja vinnuvistfræðileg sjónarmið til grundvallar fíjótlega eftir að farið er að gera áætlun um nýja vinnustaði/vinnuferli, við hönnun véla og húsmuna og innréttingu vinnustaðarins.

Hætta á því að erfiðar vinnustellingar leiði til meinsemda í hreyfi- og stöðkerfi er bundin því hve lengi og oft unnið er í slíkum stellingum. Það fer síðan allt eftir því hvernig vinnan er skipulögð, undirbúin og framkvæmd. Því skiptir miklu að vinnuskipulagið komi til skoðunar þegar áætlunin er að koma í veg fyrir erfiðar vinnustellingar. Þá skiptir málí að gera starfið fleirþættara og fjölbreyttara. Hægt er að auka stjórn starfsmanna á skipulaginu (selvstyrrende grupper).

Það er gott fyrir líkamann að setið, staðið og gengið sé á víxl við vinnu. Reynslan bendir til að það sé hentugt að sitja t.d. 3/4 klukkustundar og standa/ganga 1/4 stundar. Pessari skipan má ná með því að skipuleggja starfið þannig að sum verkanna séu unnin sitjandi en önnur standandi/gangandi.

Sé vinnan þess eðlis að starfsmaður er bundinn við sama stað tínum saman er þó hægt að gera honum kleift að skipta milli sitjandi og standandi vinnustöðu með stillanlegri innréttingu, t.d. þannig að borðhæð megi stilla við hæfi starfsmannsins hvort sem unnið er sitjandi eða standandi. Við afgreiðsluborð, þar sem borðhæðin er föst af tillitssemi við viðskiptavini, kann að vera unnt að skapa þá tilbreytni sem felst í að vinna ýmist sitjandi eða standandi með því að gera gólfshæðina við afgreiðsluborðið mismunandi eftir því hvor staðan er valin. Líka er hægt að fara þá leið að hafa afgreiðsluborðið hátt og gefa starfsmanninum kost á háum, stillanlegum stól og stórum stillanlegum fótskemli.

## 5. Endurtekin, einhæf vinna

### 5.1. Skilgreining og útbreiðsla

Með endurtekinni, einhæfri vinnu er átt við að unnið sé eitt verk eða fá einföld og sömu hreyfingar gerðar aftur og aftur. Það einkennir endurtekin, einhæf störf að vinnuferlið er stutt og oft unnið hratt. Hvert verk er brot af löngu ferli. Endurtekin, einhæf vinna tekur verulegan hluta vinnudagsins yfir alllangt tímabil.

Endurtekin, einhæf vinna er mismikil í hinum ýmsu greinum. Hún er afar algeng í vissum iðngreinum, t.d. í fata- og vefsjariðnaði og matvælaiðnaði. Vinna við búðarkassa, viss samsetningarvinna í rafeindiðnaði og vélsmíði og innsláttarvinna við tölvu eru dæmi um einhliða störf þar sem vinnan læsir starfsmanninn oft í fastri stöðu. Rannsóknir í Danmörku (DIKE 1987) og Noregi (Statistisk centralbyrå 1991) sýna að u.p.b. 35-40% af fólki er í slíkri vinnu, og í Svíþjóð leiddi rannsókn í ljós (Statistiska sentralbyrån 1991) að ein og hálf milljón manna endurtekur sama verkþátt meira en hálfan daginn.

Kerfisbundna skiptingu vinnu í verkþætti má rekja til F.W. Taylors sem uppi var í Bandaríkjunum um aldamótin. Hann byggði á reynslu frá vélvæddum iðnaði þar sem hann taldi vinnuskipulagið óhentugt.

Framleiðni taldi hann lélega og veika stjórnun á starfsmönnum. Taylor skipti vinnunni upp í skipulagsverkefni og framleiðsluþátt þar sem skipulagning og ákværðanir voru í höndum stjórnenda (Hansen, Heide 1987, Lundbye o.fl. 1988, Forslin 1991). Mörg fyrirtæki tóku taylorismánum fegins hendi og skipulögðu starfsemi sína á grunni þess skipulags og þess vélræna mannskilnings sem sú stefna hvílir á. Meðal afleiðinganna var fjöldaframleiðsla, færibond og langar raðir sem juку hagkvæmni og framboð á vöru handa fleira fólki. Ávinnungurinn fólst sem sagt í aukinni velmegun fleira fólks. Á hinn bóginn leiddi þetta til endurtekinnar, einhliða vinnu og þeirra áhrifa sem það hefur á heilsuna.

Nú á dögum má greina merki þess að verið sé að hverfa frá hætti Taylors við skipulagningu vinnu. Í sumum fyrirtækjum hefur verið horfið frá fjöldaframleiðslu og þeirri uppröðun sem henni fylgir og tekin upp framleiðsla samkvæmt pöntun þar sem ferlið er styttra og skipt fljótt